

Hvalveiðar Makah-ættbálksins

„Kallaðu það hvaða nafni sem þú vilt – hvalveiðar eru morð og það er rangt að fremja morð.“
Greenpeace

MÁLEFNI



UMHVERFISMÁL



HNATTVÆÐING



ALMENN MANNRÉTTINDI

ÞYNGDARSTIG



STIG 4

HÓPSTÆRÐ



14+

TÍMI



150 MÍNÚTUR

Málefni	Umhverfismál, hnattvæðing, almenn mannréttindi
Þyngdarstig	Stig 4
Hópstærð	14+
Tími	150 mínútur
Yfirlit	Í þessu verkefni fer fram vinna í smærri hópum, hlutverkaleikur og umræður, og komist er að samkomulagi um eftirfarandi málefni: <ul style="list-style-type: none"> • Sjálfbæra nýtingu sjávarafurða. • Rétt frumbyggja til eigin menningar og þróunar.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til að taka þátt í menningarlífi. • Réttur þjóða til að ráðstafa náttúruauðlindum sínum að vild. • Rétturinn til að þróa og nýta náttúruafurðir.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að skoða hvernig rétturinn til þróunar, menningarlífs og umhverfisverndar stangast á. • Að skapa skilning á margs konar menningu og fjalla um fordóma. • Að skapa fordómalaus viðhorf gagnvart menningarmun.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Dreifiblöð. • Pennar og pappír til að hóparnir geti skrifað hjá sér minnispunkta.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Lestu öll dreifiblöðin og kynntu þér vel allar upplýsingar um viðkomandi málefni. Þá getur þú veitt leiðbeiningar ef þörf krefur. • Taktu ljósrit af hlutverkaspjöldum hópanna. Hver þátttakandi ætti að fá eitt spjald.

Leiðbeiningar

Verkefninu er skipt í tvo hluta: 1. hluti (30 mínútur) gengur út á að kynna verkefnið og þau umhverfis- og menningarmál sem fjallað er um. 2. hluti (90 mínútur) er sviðsettur fundur þar sem umsókn Makah-ættbálksins til Alþjóðahvalveiðiráðsins um að mega hefja hvalveiðar á ný er tekin til umfjöllunar. Gættu þess að tími sé aflögu að verkefninu loknu fyrir umræður, samantekt og mat.

I. hluti. Kynning á umhverfis- og menningarmálum (30 mínútur)

1. Segðu þátttakendum að þetta verkefni fjalli um umhverfistengd og menningarleg réttindi. Það snýst um beiðni Makah-ættbálksins til Alþjóðahvalveiðiráðsins um að mega hefja hvalveiðar á ný og andstöðu náttúruverndarsinna og fleiri aðila gegn því.
2. Segðu hópnum frá Makah-ættbálknum (sjá dreifiblöð).

3. Kynntu síðan málefnið sem fjallað er um í verkefninu. Segðu þátttakendum að gefa svar sitt við eftirfarandi spurningum til kynna með því að sýna „hátt eða lágt“. (Þessi aðferð er lýst á bls. 63). Lestu eftirfarandi setningar upphátt, eina í senn:
 - „Virða ber siðvenjur fólks svo fremi sem þær brjóta ekki í bága við mannréttindi.“
 - „Virða ber rétt fólks til að borða það sem það vill; vera grænmetisætur, sneiða hjá öllum dýraafurðum eða borða kjöt.“
 - „Maturinn sem við borðum ætti að vera framleiddur með umhverfisvænum aðferðum.“
 - „Ekki skal beita ómannúðlegum aðferðum í skepnuhaldi, svo sem við eldi eða slátrun.“
 - „Menningarlegar hefðir eru fólki afar mikilvægar og þær ber að virða.“
 - „Ekki ætti að veiða hvali, ekki einu sinni af menningarástæðum.“

2. hluti. Sviðsettur fundur þar sem rætt er um umsókn Makah-ættbálksins til Alþjóða-hvalveiðiráðsins um að mega hefja hvalveiðar á ný. (90 mínútur)

1. Minntu þátttakendur á að Makah-ættbálkurinn hafi sótt um leyfi til Alþjóðahvalveiðiráðsins um að mega hefja hvalveiðar á ný og að nokkrir umhverfisverndarhópar hafi lýst sig andsnúna því. Þetta verkefni er sviðsettur fundur ímyndaðra samtaka sem kalla sig Mursu (menning, umhverfi, réttindi, sjálfbærni og umræður). Þetta eru sjálfstæð samtök sem vilja að tekið sé tillit til mannréttindasjónarmiða í umhverfismálum. Þau vilja auka skilning á málinu með umræðum. Þetta er fundur þar sem fjórir hópar hittast:
 - a. Fulltrúar Makah-ættbálksins sem vilja fá að gera grein fyrir máli sínu.
 - b. Fulltrúar High North Alliance (HNA) sem eru regnhlífarsamtök þeirra sem stunda hval- og selveiðar. HNA-samtökin berjast fyrir framtíð strandsamfélaga og sjálfbærri nýtingu á afurðum sjávarspendýra. HNA-samtökin styðja Makah-ættbálkinn.
 - c. Fulltrúar Sea Shepherd sem eru samtök sem rannsaka og skrá brot á alþjóðalögum, reglugerðum og milliríkjasamningum um verndun villtra sjávarstofna. Þau eru andsnúin umsókn Makah-ættbálksins.
 - d. Fulltrúar Greenpeace, umhverfissinna sem eru á móti hvalveiðum.
2. Hlutverk Mursu-samtakanna er að sætta þessa hópa. Umræðurnar eiga að snúast um fjórar spurningar:
 - Ætti að leyfa hvalveiðar?
 - Ætti að veita undanþágu í sérstökum tilvikum þar sem hvalveiðar eru menningarhefð?
 - Ef leyfa á hvalveiðar, hvernig eiga þær þá að fara fram?
 - Hvernig á að haga stjórnun hvalveiða?
3. Fáðu tvo sjálfbóðaliða til að vera fulltrúa Mursu-samtakanna og skiptu hinum þátttakendunum í fjóra jafnstóra hópa. Afhentu hlutverkaspjöldin. Hóparnir fá 30 mínútur til að ræða um efnið og rökstyðja afstöðu sína til umsóknar Makah-ættbálksins.
4. Þegar hóparnir hafa lokið starfi sínu skaltu kalla þá saman. Segðu fulltrúum Mursu að stjórna fundinum sem á að taka um eina klukkustund. Tilgangur fundarins er að skiptast á skoðunum og ræða málin, og komast síðan að samkomulagi.
5. Fulltrúi Mursu-samtakanna setur fundinn með stuttri tölu um að mannréttinda- og umhverfismál verði höfð að leiðarljósi í umræðunum. Fulltrúar Makah-ættbálksins gera síðan grein fyrir máli sínu. Svo hefjast umræðurnar.
6. Að þeim loknum fer fram samantekt og mat.

Lykildagsetning

29. desember

Alþjóðadagur

líffræðilegrar fjölbreytni

Lykildagsetning

9. ágúst
Alþjóðadagur frumbyggja

Samantekt og mat

Biðja skal þátttakendur að velta fyrir sér framvindu umræðnanna og hvort hægt var að komast að samdóma álit.

- Var erfitt að leika hin ýmsu hlutverk?
- Hvað fannst þátttakendum fróðlegast?
- Hver voru bestu rökin? Voru það þau sem höfðuðu til tilfinninga eða skynsemi?
- Hvernig gekk að skilja mótrökin? Hvernig gekk að viðurkenna réttmæti þeirra?
- Hversu erfitt er það í raun að viðurkenna menningarlegar hefðir annarra þjóða sem kunna að virðast frumstæðar, óskiljanlegar eða ósiðlegar?
- Hvenær verður menningarlegur ágreiningur til þess að mismunun eigi sér stað?
- Hversu erfitt er að vera fordómalaus gagnvart menningarmun?
- Leiðir hnattvæðing óhjákvæmilega til þess að menningarhefðir glatist? Er samnefni milli breyttrar menningar og glataðrar menningar?
- Ætti að líta á menningarbreytingar sem jákvætt ferli í síbreytilegri veröld?
- Kröfur um lagaleg réttindi fara yfirleitt fyrir dómstóla. Er það réttlát aðferð við að leysa réttindamál?
- Hvort ætti að hafa forgang, heimting fólks á að lifa og nærast eða umhverfisvernd og friðun tegundanna?

Að lokum skal biðja þátttakendur að sýna aftur afstöðu sína til hvalveiða með aðferðinni „hátt eða lágt“. Leggðu aftur sömu spurningar fyrir þá og í fyrsta hlutanum.

Ábendingar til leiðbeinanda

Málefnið sem hér er fjallað um eru flókin og henta best fullorðnum þátttakendum sem hafa reynt í að taka þátt í umræðum. Það er margt sem þeir þurfa að tileinka sér og textinn á hlutverkaspjöldunum gerir ráð fyrir tiltekinni þekkingu á mannréttindum og hugtökum á sviði umhverfismála. Hægt er að vinna verkefnið í tveimur hlutum og gefa þátttakendum hlé á milli til að lesa hlutverkaspjöldin og velta efninu fyrir sér.

Mikilvægur liður í þessu verkefni er að benda ungu fólki á hve miklum takmörkunum menningarleg sýn þeirra er háð og gera því fært að endurmeta viðhorf sín til sjálfbærrar nýtingar á náttúruauðlindum. Hvalveiðar eru mjög viðkvæmt mál hjá mörgum og eitt af þeim málum sem fólk hefur oft mjög sterkar skoðanir á. Þess vegna er það mjög brýnt – en jafnframt erfitt – viðfangsefni. Annað markmið er að þátttakendur öðlist hæfni til að komast að samhljóða álit og þess vegna er verkefnið sett fram sem fundur sem ímyndað samtök standa fyrir, Mursu (menning, umhverfi, réttindi, sjálfbærni og umræður). Áður en hafist er handa er rétt að minna á upplýsingarnar um samhljóða álitsgerð.

Gæta þarf þess að þátttakendur skilji til fulls merkingu sumra hugtaka og hugmynda sem fram koma á hlutverkaspjöldunum. Til dæmis:

Frumbyggjar

Það eru engin ákveðin auðkenni sem gera okkur kleift að skilgreina á ótvíræðan hátt hvað frumbyggjar eru. Almennt má segja að þeir séu afkomendur þess fólks sem byggði landið áður en landnemar lögðu það undir sig og áður en landamæri voru ákveðin. Þeir eru ávallt jaðarhópur í samfélaginu og lifa oft í ættbálkum.

Varúðarreglan

Í varúðarreglunni er kveðið á um að „þegar heilsu manna eða umhverfi getur stafað hættu af framkvæmdum skuli gæta varúðar enda þótt ekki hafi verið komist að vísindalegri niðurstöðu

um afleiðingar eða áhrif“. Í því felst að óvissa ríki um aðgerðir; að sönnunarbyrði hvíli á þeim sem skapa áhættu; að kannað sé hvort hægt sé að beita öðrum aðferðum; og að sameiginleg ákvarðanatáka fari fram.

Sjálfbærni

Í skýrslu Alþjóðanefndar SP um umhverfis- og þróunarmál frá 1989, sem einnig kallast Brundtland-skýrslan, er sjálfbær þróun skilgreind þannig: „... þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða á að mæta sínum þörfum“. „Sjálfbær notkun“ er hugtak sem aðeins á við um endurnýjanlegar auðlindir: það merkir að auðlindir séu aðeins notaðar í þeim mæli að þær geti endurnýjað sig. Alþjóðleg regla um sjálfbæra notkun náttúruauðlinda heimsins er byggð á vísindalegum niðurstöðum og hlutlægum upplýsingum.

Tilbrigði

Ef hópurinn er lítill má skipta honum í tvennt, Makah-ættbálkinn og HNA-samtökin annars vegar og Greenpeace og Sea Shepherd hins vegar.

Einnig er hægt að setja þetta verkefni upp sem pallborðsumræður. Þá þarf aðeins einn fulltrúa fyrir hvern hóp, þ.e. Makah-ættbálkinn, HNA-samtökin, Sea Shepherd og Greenpeace. Þeir eiga að kynna málstað sinn og svara síðan spurningum úr sal. Að lokum skal fara fram atkvæðagreiðsla um spurningarnar fjórar. Með þessu móti geta þátttakendur velt mannréttindamálum fyrir sér út frá menningar- og umhverfistengdum sjónarmiðum, en sameiginlegt álit liggur milli hluta.

Tillögur um framhald

Hnattvæðing er eitt af þeim málefnum sem fjallað er um í þessu verkefni. Ef þátttakendur hafa áhuga á að kanna önnur sjónarmið þar að lútandi er bent á verkefnið „Orðasafn um hnattvæðingu“ á bls. 192.

Hugmyndir um aðgerðir

Hægt er að styðja frumbyggja með því að kaupa það sem þeir framleiða. Ýmsir handunnir munir í verslunum sem selja svokallar „fair traded“ vörur eru búnir til af frumbyggjum. Næst þegar kaupa þarf gjöf er vert að hafa það í huga.

Nánari upplýsingar

Heimasíða High North Alliance: www.highnorth.no, Sea Shepherd International: www.seashepherd.com, Alþjóðahvalveiðiráðsins: www.iwcoffice.org, heimasíða verndarsamtaka Makah-ættbálksins: <http://content.lib.washington.edu/aipnw/renker/contemporary.html>, heimasíða Greenpeace: www.greenpeace.org.

EFNI TIL DREIFINGAR

Makah-ættbálkurinn býr á verndarsvæði á norðvesturoddi Olympic-skagans í Washington-ríki í Bandaríkjunum. Verndarsvæðið er nú um 27.000 ekrur. Í júlí 1999 sýndi manntal að í Makah-ættbálknum væru 1214 manns, enda þótt aðeins 1079 íbúar væru þá á verndarsvæðinu. Hlutfall atvinnulausra á verndarsvæðinu er um 51%. Nærri 49% heimila þar eru með tekjur undir fátæktarmörkum og 59% húsnæðis uppfylla ekki lágmarkskröfur.

Þrátt fyrir þetta ríkja þar sterkar hefðir og margir íbúanna sem útskrifast úr háskóla snúa aftur til verndarsvæðisins til að starfa í þágu Makah-ættbálksins, eða við heilsugæslu eða grunnskólakennslu.

Heimild: <http://content.lib.washington.edu/aipnw/renker/contemporary.html>

EFNI TIL DREIFINGAR

Hlutverkaspjöld

Hlutverkaspjald Mursu-samtakanna

Þið eruð hlutlaus í afstöðu ykkar til hvalveiða. Hlutverk ykkar er að útvega upplýsingar um mannréttindi og umhverfislöggjöf og miðla málum milli hópanna. Þið þurfið því að gæta þess að umræðurnar beinist eingöngu að viðkomandi málefni og koma í veg fyrir misskilning og ranghugmyndir. Þið eigið að hjálpa hópunum að draga úr ágreiningi sín á milli og finna hvað þeir eiga sameiginlegt svo að þeir geti orðið á eitt sáttir um svör við eftirfarandi spurningum:

- Ætti að leyfa hvalveiðar?
- Ætti að veita undanþágu í sérstökum tilvikum þar sem hvalveiðar eru menningarhefð?
- Ef leyfa á hvalveiðar, hvernig eiga þær þá að fara fram?
- Hvernig á að haga stjórnun hvalveiða?

Þjóðið fyrst alla velkomna til leiks. Setjið reglur um hvernig umræður skuli fara fram. Notið tvær mínútur til að leggja línurnar og rifja upp mikilvægustu mannréttindin og umhverfistengd sjónarmið sem tengjast málinu, hægt er að vitna í útdrættina hér á eftir ef óskað er. Einnig ætti að benda á að sumir eru á móti hvalveiðum af siðferðislegum ástæðum.

Áður en almennar umræður hefjast skuluð þið biðja fulltrúa Makah-ættbálksins að útskýra hvers vegna þeir vilja hefja hvalveiðar á ný. Takið saman niðurstöður að loknum fjörutíu mínútna umræðum.

Ítarefni um mannréttindi, menningu og umhverfismál

Í 1. grein Alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi segir:

1. Allar þjóðir hafa sjálfákvörðunarrétt. Vegna þess réttar ákveða þær frjálst stjórnálagar aðstæður sínar og framfylgja frjálst efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun sinni.
2. Allar þjóðir mega, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum brjóti það ekki í bága við neinar skuldbindingar sem leiðir af alþjóðlegri efnahagssamvinnu, byggðri á grundvallarreglunni um gagnkvæman ábata, og þjóðarétti. Aldrei má svipta þjóð ráðum sínum til lífsviðurværis.

15. gr.

1. Ríki þau sem aðilar eru að samningi þessum viðurkenna rétt sérhvers manns:
 - (a) til þess að taka þátt í menningarlífi;
 - (b) til þess að njóta ábata af vísindalegum framförum og hagnýtingu þeirra;

Í inngangi Vínaryfirlýsingarinnar frá 1993 segir: „Öll mannréttindi eru algild, ódeilanleg og samtvinnuð. Alþjóðasamfélaginu ber að virða mannréttindi hvar sem er í heiminum og viðhafa réttlæti og jöfnuð, á sama grundvelli og með sömu áherslum ... mikilvægt er að tekið sé tillit til sérkenna þjóða og menningarsvæða og mismunandi sögulegs, menningarlegs og trúarlegs bakgrunns.“

Árið 1981 ákvað Alþjóðahvalveiðiráðið að leyfa frumbyggjum hvalveiðar. Leyfið er skilgreint sem „hvalveiðar til lífsviðurværis meðal eða á vegum frumbyggja sem mynda öflugt samfélag þar sem fjölskyldu-, félags- og menningartengsl eru stöðugt háð hefðbundnum hvalveiðum og nýtingu hvalsins.“

Hafréttarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna kveður á um að „ein meginreglan sé sjálfbær hámarksnýting endurnýjanlegra auðlinda úthafsins“.

Árið 1982 var sett veiðibann á gráhal vegna útrýmingarhættu. Árið 1994 hafði stofninn náð sér á strik, taldi um 21.000 dýr, og var því tekinn af bandaríska listanum yfir tegundir í útrýmingarhættu (U.S. Endangered Species List).

Hlutverkaspjald Makah-ættbálksins

Hlutverk ykkar er að kynna málstað Makah-ættbálksins sem býr á norðvesturströnd Bandaríkjanna. Í þessu verkefni eigist þið að styðjast við eigin þekkingu á mannréttinda- og umhverfismálum, sem og eftirfarandi tilvitnanir og upplýsingar af heimasíðu Makah-ættbálksins:

„Þótt 70 ár séu liðin síðan hvalveiðar fóru síðast fram hafa síðirnir, söngvarnir og sögurnar lifað áfram. Heil samfélagsgerð varð til í kringum veiðarnar. Nú á dögum lifa nokkrir Makah-índíánar á því að veiða lax og svartfisk úr Kyrrahafinu sem þeir selja til fiskvinnslu á staðnum, en gamla kerfið þar sem fengnum er deilt milli fjölskyldu og vina er enn við lýði.“

„Það voru hvalveiðar Evrópubúa og Bandaríkjamanna í iðnaðarskyni sem gengu á hvalastofninn. Þegar Bandaríkjustjórn tók loks þá ákvörðun að vernda stofninn neyddist Makah-ættbálkurinn einnig til að hætta veiðum. Nú er talið að stofninn hafi náð sögulegu hámarki, hann er um 21.000 dýr, og hefur verið tekinn af listanum yfir tegundir í útrýmingarhættu.“

„Ungt fólk kann stöðugt betur að meta gildi þess að geta byggt sjálfsvitund sína á eigin menningu og sögu. Það eru forréttindi að tilheyra menningu sem á sér djúpar rætur og það er ekki margt ungt fólk í Bandaríkjunum sem er þess aðnjótandi.“

„Við ætlum ekki að veiða gráhalvinn í gróðaskyni ... enda þótt við höfum heyrt sögusagnir um að við ætlum okkur að selja hann til Japan. Við veiðum hval til viðhalda gömlum síðum og okkur til lífsviðurværis. Við höfum sótt um að mega veiða fimm gráhalvi en það er ekki þar með sagt að við veiðum svo marga. Við viljum leggja okkar af mörkum til að gráhalvurinn fari aldrei aftur á listann yfir tegundir í útrýmingarhættu ... Ættbálkurinn er fyrstur til að viðurkenna að þörf sé á veiðitakmörkunum ... slík eru lífsgildi okkar.“

„Makah-ættbálkurinn stundar veiðar sínar á litlum strandveiðiskípum. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvaða tækni skuli beitt. Til greina kemur að skjóta skutli eins og tíðkaðist áður fyrr eða beita nýrri aðferð þar sem handsprengja er höfð á oddinum eins og gert var við veiðar á grænlandssléttbak í Alaska.“

Hlutverkaspjald High North Alliance

High North Alliance eru regnhlífarsamtök þeirra sem stunda hval- og selveiðar í Kanada, Noregi, Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi, sem og nokkurra smærri samfélaga. HNA-samtökin berjast fyrir framtíð strandsamfélaga og sjálfbærri nýtingu á afurðum sjávarspendýra. Í þessu verkefni eigist þið að styðjast við eigin þekkingu á mannréttinda- og umhverfismálum og eftirfarandi tilvitnanir og upplýsingar af heimasíðu High North Alliance:

„Makah-ættbálkurinn hafði stundað hvalveiðar í 2000 ár þegar hvítu heimsvaldasinnarnir birtust og sýndu hvalnum fyrst og fremst áhuga vegna lýsisins sem var þeim afar mikilvægt. Síðan gengu þeir svo ákaft á þessa auðlind að Makah-ættbálkurinn gat ekki viðhaldið veiðihéð sinni. Hann hefur beðið þess átektu að stofninn næði sér aftur á strik. Og nú er komið að því. En nú hefur hvíti maðurinn skipt um skoðun. Nú á að banna að þessi auðlind sé nýtt.“

„Fólk frá ólíkum menningarheimum mun aldrei geta orðið sammála um hvaða dýr skuli njóta sérstöðu og hver séu best í matinn. Í Norður-Noregi er fólk sérstaklega annþ unnt um æðarfuglinn en í Danmörku eru bringur af æðarfugli til sölu í öllum betri sælkeraverslunum. Þess vegna kallar yfirlýsingin um að „hvalir séu sérstakir“ á spurninguna: Sérstakir fyrir hverja?“

„Hval- og selveiðar eru aðeins leyfðar meðal frumbyggja og ekki í hagnaðarskyni. Aðeins er leyfð „hefðbundin“ nýting og svo virðist sem það sé utanaðkomandi aðilar sem skilgreina hvað sé „hefðbundið“. Með því að tengja hval- og selveiðar framleiðslu sem ekki fer fram í hagnaðarskyni er verið að koma í veg fyrir augljósan rétt fólks til að hafa áhrif á eigin framtíð. Menning er ekki kyrrstætt fyrirbæri, en stefna þeirra sem mótmæla hvalveiðum er í raun og veru sú að „stöðva tímarn“, að umbreyta lifandi menningu í einhvers konar safngrip. Meiri hluti þeirra ríkisstjórna sem standa með Alþjóðahvalveiðiráðinu virðist líta svo á að viðskipti séu af hinu illa. Það kaldhæðnislega er að stjórnvöld sem almennt eru öflugir málsvarar frjálsra verslunarháttá styðja þetta sjónarmið. En sumu fólki á greinilega að neita um aðgang að heimsmarkaðnum. Og ef það vill eiga hlut að hagkerfi heimsins verður það ekki á eigin forsendum, heldur forsendum utanaðkomandi aðila.“

„Erfitt er að verja núgildandi veiðibann eða þá stefnu að „hvalurinn sé látinn í friði“ með skynsamlegum rökum. Augljóst er að ýmiss konar starfsemi á sviði landbúnaðar, fiskveiða og skógræktar er ekki sjálfbær, en hvergi er hún bönnuð með öllu.“

„Skýrslan um sjávarspendýr, Evrópuráðið, 12. júlí 1993: „Sjávarspendýr eru hluti af hinni lifandi auðlind sjávarvistkerfisins. Þau ber að vernda þegar að þeim er sótt og aðeins skal veiða þau þegar gengið hefur verið úr skugga um að stofninn sé nægilega stór. Veiðar kunna einnig að vera nauðsynlegar til að afstýra offjölgun og ójafnvægi í vistkerfi sjávar.“

„Hvalveiðar eru gott dæmi um það hvernig alþjóðlegt samstarf getur umbreytt ofnýtingu í sjálfbæra notkun. Alþjóðlegt samstarf er ekki gallalaust en það getur skilað árangri og gerir það vissulega.“

Hlutverkaspjald Sea Shepherd og Samtakanna um verndun hvala og höfrunga

Náttúruverndarsamtökin Sea Shepherd eru frjáls félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og vinna að því að rannsaka og skrá brot á alþjóðalögum, reglum og samningum sem kveða á um verndun villtra sjávartegunda. Samtökin um verndun hvala og höfrunga (Whale and Dolphin Conservation Society) vinna að verndun og velferð hvala, höfrunga og hnisa og eru virkustu samtök í heimi á sínu sviði.

Hlutverk ykkar er að kynna sjónarmið fólks sem berst fyrir náttúruvernd og dýravernd. Þið eigið að styðjast við eigin þekkingu á mannréttinda- og umhverfismálum og eftirfarandi tilvitnanir og upplýsingar af heimasíðum Sea Shepherd og Samtakanna um verndun hvala og höfrunga.

„Hin raunverulega ástæða þess að Makah-menn vill hefja hvalveiðar á ný er að þeir vita mætavel að hægt er að fá 80 dollara fyrir kílóíð af hvalkjöti í Japan og að ein svona skepna er um milljón dollara virði. Og þetta á ekki bara við um þá fimm hvali sem þeir segjast vilja veiða. Það snertir í raun þúsundir hvala því að Noregur og Japan og aðrar þjóðir sem vilja hefja hvalveiðar, svo sem Rússland og Ísland, fylgjast grannt með vegna þess að fá Makah-menn leyfi til veiðanna grefur það undan þeim trúverðuleika sem Bandaríkin njóta innan alþjóðahreyfingarinnar um verndun sjávar. *Paul Watson, Sea Shepherd.*

„Við fetum það einstigi að reyna að virða söguleg réttindi þjóða til að halda gamalli hefð sinni við að afla sér matar og gæta jafnframt hagsmuna varðandi hvalavernd ... (og) sýna frumbyggjum skilning við breyttar aðstæður. Árið 1995 kom til dæmis fram gagnrýni á að gráhvalur væri veiddur í Rússlandi, en staðhæft var að frumbyggjar neyttu ekki kjötsins heldur væri það notað sem fóður í refabúum.“

„Eskimóar í norðurhluta Alaska eru í efnahagslegu tilliti mjög frábrugðnir því fólki sem stundaði hvalveiðar fyrir hundrað árum. Með olíuvinnslu hefur mengun, sundrun og fjöldi innflytjenda borist til Alaska. Einnig hefur hún fært íbúunum gríðarlega fjármuni. Nútíma snjóbílar og þyrlur umbilta skilgreiningu venjulegs fólks á því hvað er upprunalegt meðal frumbyggja.

„Á meðan tilfinningaþrúgunin umfjöllun Alþjóðahvalveiðiráðsins um hvort leyfa eigi hvalveiðar á ný heldur áfram er mörg hundruð hvölum og frændum þeirra, litlu höfrungunum og hnísunum, slátrað á ári hverju af frumbyggjum, án þess að nokkur veiti því athygli.

„Með tilliti til náttúrulegs lífs, þá kveður varúðarreglan á um að sé ekki vitað hver áhrif tilteknar aðgerðir hafi á tegundirnar, þá eigi tegundirnar að njóta vafans, og ekki skuli hefja aðgerðir fyrr en sýnt hafi verið fram á að þær valdi ekki óbætanlegu tjóni eða skaða.“

Hlutverkaspjald Greenpeace

Stuðningsmenn Greenpeace um allan heim berjast fyrir þeim hugsjónum sínum að gera heiminn sjálfbærari.

Í þessu verkefni eigið þið að styðjast við eigin þekkingu á mannréttinda- og umhverfismálum og eftirfarandi tilvitnanir og upplýsingar af Netinu.

„Kallaðu það hvaða nafni sem þú vilt – hvalveiðar eru morð og það er rangt að fremja morð. Hvalir eru auðvitað ekki mennskir, en eru þeir óæðri mönnum? Hugmyndir og viðhorf sem samþykkja hvaladrápi fara saman við það viðhorf að þjóðarmorð á „óæðri“ kynþáttum sé ásættanlegt. Við teljum að hugtakið „mannréttindi“ sé ekkert annað en yfirborðskenndur hroki gagnvart tegundunum. Strangt til tekið gilda mannréttindi um hvali og önnur skyni gædd spendýr, eða a.m.k. „húmanísk réttindi“ og ítrustu grundvallarréttindi sem við teljum til mannúðarmála.

„Greenpeace styður engar hvalveiðiaætlanir en er ekki á móti hvalveiðum til lífsviðurværis. En ef um minnstu hagnaðarvon er að ræða verðum við fremstir í flokki andstæðinga gegn slíkum veiðum.“

„Undirritaðir hópar fara þess á leit að Makah-ættbálkurinn falli frá ósk sinni um að hefja hvalveiðar. Fólki frá ýmsum menningarsvæðum heims lítur á hvalina sem heilagar skepnur og telur að hver tegund út af fyrir sig sé „sjálfstæð þjóð“ sem njóta skuli virðingar og verndar. Gráhvalir ferðast langar vegalengdir ár hvert og veita þúsundum hvalaskoðara mikla ánægju. Þeir dvelja aðeins um stundarsakir á hafsvæði Makah-ættbálksins. Við leggjum til að tekið verði tillit til mikilvægra trúarlegra hefða í ljósi þess að við búum í heimi þar sem dýrum er tortímt.“ *Action for Animals, Action for Animals Network og fleiri.*

„Ég varð skelfingu lostinn þegar ég heyrði að til greina kæmi að leyfa dráp á gráhvölum – eða hvölum yfirleitt ... Við brugðumst skjótt við, kynntum okkur málið og komumst að því að tillaga var um að einn ættbálkur mætti veiða fimm gráhvöli, og ef það yrði samþykkt myndu ýmsir aðrir ættbálkar í Kanada og Alaska segja sem svo: „Ef þeir mega veiða hvali, þá megum við það líka.“ Og ég tel ekki að Bandaríkjamenn – sem eru almennt miklir hvalavinir – séu tilbúnir til að leyfa neinar hvalveiðar enn þá.“ *Fulltrúi Bandaríkjanna, Jack Metcalf.*

„Þrátt fyrir hvalveiðibannið sem alþjóðasamfélagið samþykkti árið 1986 eru hvalir enn í útrýmingarhættu. Hægt er að vernda hvali með því að búa þeim gríðastaði – svæði þar sem hvalveiðar eru bannaðar, ekki einungis tímabundið heldur um alla framtíð.“

„Afar erfitt er að gera sér nákvæma grein fyrir fjölda hvala innan tiltekinna stofna. Ekki er vitað um stærð flestra stofna með meiri nákvæmni en sem nemur 50% skekkju til eða frá. Þar sem breytingar eru afar hægar getur nokkurra ára rannsókn með engu móti skorið úr um hvort fjölgun eða fækkun eigi sér stað í einhverjum stofni. En enginn vafi leikur á um fækkun hvala vegna hvalveiða í gróðaskyni.“